

Hafnarfirði, 19. maí 2020

2005169 Fyrirspurnir

Á bæjarráðsfundi þann 7. maí 2020 lagði Adda María Jóhannsdóttir fulltrúi Samfylkingar fram svohljóðandi fyrirspurn

Fyrirspurn varðandi áhrif hækkunar þingfararkaupts

Fulltrúi Samfylkingarinnar óskar eftir upplýsingum um áhrif hækkunar þingfararkaupts á laun og launatengd gjöld kjörinna fulltrúa í ráðum og nefndum Hafnarfjarðarkaupstaðar.

- Óskað er eftir upplýsingum um laun allra aðal- og varafulltrúa fyrir setu í bæjarstjórn og vegna annarra starfa sem tengjast henni, s.s. setu í ráðum eða nefndum sveitarfélagsins, fyrir og eftir hækkun.
- Óskað er eftir því að gefin verði upp samanlögð heildarlaun hvers og eins fulltrúa á mánuði, fyrir og eftir hækkun.
- Að lokum er óskað eftir upplýsingum um hver áætlaður árlegur kostnaðarauki bæjarsjóðs er vegna hækkunarinnar.

Þar sem um er að ræða upplýsingar sem liggja fyrir í upplýsingakerfum sveitarfélagsins, er óskað eftir því að umbeðnar upplýsingar verði lagðar fram eigi síðar en á næsta fundi bæjarráðs.

Svar:

Á fundi bæjarráðs 29. júní 2017 voru samþykktar Reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Samkvæmt reglunum skal þóknun vera hlutfall af þingfararkaupi eins og það er á hverjum tíma.

Þann 1. júlí 2017 var þingfararkaup kr. 1.101.194. Þingfararkaup hækkaði 1. janúar 2020 og er nú kr. 1.170.569.

Þóknun bæjarfulltrúa 1. júlí 2017 og 1. janúar 2020.

ADALMENN			1.7.2017	1.1.2020
Bæjarfulltrúi	pr.mán	26,00%	286.310 ISK	304.348 ISK
Forseti bæjarstjórnar	pr.mán	39,00%	429.466 ISK	456.522 ISK
1. varaforseti	pr.mán	26,00%	286.310 ISK	304.348 ISK
2. varaforseti	pr.mán	26,00%	286.310 ISK	304.348 ISK
Forsetanefnd			44.048 ISK	46.823 ISK
Formaður bæjarráðs	pr.mán	22,50%	247.769 ISK	263.378 ISK
Alm bæjarráðsmaður	pr.mán	15,00%	165.179 ISK	175.585 ISK
Formaður ráðs	pr.mán	18,00%	198.215 ISK	210.702 ISK
Alm ráðsmaður	pr.mán	12,00%	132.143 ISK	140.468 ISK
Form barnaverndarnefnd	pr.mán	9,00%	99.107 ISK	105.351 ISK
Alm barnav.fulltrúi	pr.mán	6,00%	66.072 ISK	70.234 ISK
Formaður fastanefndar, ípr.&tóm., menn.&ferð.	pr.mán	6,00%	66.072 ISK	70.234 ISK
Alm nefndarm. fastanefndar, ípr.&tóm., menn.&ferð.	pr.mán	4,00%	44.048 ISK	46.823 ISK
Formaður B-hluta/hafnarstj.	pr.mán	13,50%	148.661 ISK	158.027 ISK
Stjórnarm. B-hluta/hafnarstj.	pr.mán	9,00%	99.107 ISK	105.351 ISK
<u>VARAMENN, STJÓRNARMENN, TÍMABUNDNAR NEFNDIR</u>				
Varabæjarfulltrúi,	pr.fund	6,00%	66.072 ISK	70.234 ISK
Varafulltrúi í bæjarráði	pr.fund	5,00%	55.060 ISK	58.528 ISK
Varafulltrúi í ráði	pr.fund	4,00%	44.048 ISK	46.823 ISK
Formaður stjórnar	pr.fund	3,00%	33.036 ISK	35.117 ISK
Fulltrúi í stjórn	pr.fund	2,00%	22.024 ISK	23.411 ISK
Formaður tímab starfsnefndar	pr.fund	3,00%	33.036 ISK	35.117 ISK
Fulltrúi í tímab starfsnefnd	pr.fund	2,00%	22.024 ISK	23.411 ISK

Heildarlaun bæjarfulltrúa. Bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir er bæjarstjóri. Hún þiggur ekki laun fyrir setu í bæjarstjórn eða öðrum ráðum og nefndum.

Ágúst Bjarni Garðarsson, bæjarfulltrúi, formaður bæjarráðs, forsetanefnd, skipulags- og byggingarráð, hafnarstjórn	2019 809.377	2020 860.368
Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi, bæjarráð, forsetanefnd	495.537	526.756
Friðþjófur Helgi Karlsson, bæjarfulltrúi, umhverfis- og framkvæmdaráð	418.453	444.816
Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir bæjarfulltrúi, bæjarráð, forsetanefnd, hafnarstjórn	594.644	632.107
Helga Ingólfssdóttir, bæjarfulltrúi, formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs, fjölskylduráð	616.668	655.518
Jón Ingi Hákonarson, bæjarfulltrúi, bæjarráð, forsetanefnd	495.537	526.756
Kristinn Andersen, forseti bæjarstjórnar, bæjarráð, forsetanefnd	638.693	678.930
Kristín María Thoroddsen, bæjarfulltrúi, formaður fræðsluráðs, formaður hafnarstjórnar	633.186	673.077
Ólafur Ingi Tómasson, bæjarfulltrúi, bæjarráð, formaður skipulags- og byggingarráðs	649.704	690.635
Sigurður Þ. Ragnarsson, bæjarfulltrúi, bæjarráð, forsetanefnd, fjölskylduráð	627.680	667.224

Áætlaður árlegur kostnaðarauki bæjarsjóðs er vegna hækkunarinnar er kr. 8.373.615 ásamt launatengdum gjöldum vegna allra fulltrúa í bæjarstjórn, ráðum og nefndum þ. m. t. áheyrnafulltrúa og varamanna. Þar af kostnaðarauki vegna áheyrnafulltrúa kr. 1.319.457.